

STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna



TIL HAMINGJU MYNDLISTARMENN !

Stórum áfanga var náð 12. október 2017 þegar Borgarráð Reykjavíkur samþykkti að veita Listasafni Reykjavíkur viðbótarframlag upp á 8,5 milljónir króna til að borga myndlistarmönnum fyrir vinnuframlag og þóknun vegna sýningarhalds 2018.

*Við þökkum Reykjavíkurborg
kærlega fyrir að virða mannréttindi
og vera leiðandi afl til réttlátara og
betra samfélags.*



www.vidborgummyndlistarmonnum.info

NR 9, 2.TBL, 2017



6&7

Starkaður Sigurðarson

List er skritinn hlutur



8&9

Ana Victoria Bruno

Íslenski skálinn á
Feneyjatvíæringnum:
handan við tröllin



10&11

Kolbrún Halldórsdóttir

Listirnar og lög um
opinber fjármál



12&13

Kristbergur Óðinn Pétursson

Vinnustofan



20&22

Guðrún Vera Hjartardóttir

Tvær Skissur



22-25

Dana Hemmenway

Gestavinnustofan



26&27

Hlynur Helgason

Eftir höfðinu dansa
limirnir



14&15


Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Fegurð og merking



16&17

Óbvía samtökin



18&19

Svipmyndir frá Sequences



29-31

Jón B. K. Ransu

Momentum 9



32&33

Ófeigur Sigurðsson

Spekúlantinn á
Deigi myndlistar



34&35

Logi Leó Gunnarsson

Berlín



36-37

Þórdís Aðalsteinsdóttir

Án titils

List er skríttinn hlutur

Starkaður Sigurðarson
myndlistarmaður og stjórnarmeðlimur SÍM

Það er skritin hugmynd að meta list í peningum. Það er skrítt að þegar verk, segjum, strigi, tré, lím, málning, hönd, er keypt, sýnt, sett upp, umrætt. Þegar eitthvað sem er tengt þér, eins og ekkert annað er tengt þér, fer fyrir framan annað fólk og — hvað? Hvað gerist? Stundum ekkert, stundum eitthvað, það er erfitt að túlka það, það er erfitt að meta það. Og það er erfitt að sitja heima hjá sér og sjá fyrir sér hlut, plasthlut, gulan, ekki gegnsæjan, sem situr ekki á vegg heldur stendur sjálfur, á gólfi, umkringdur öðrum plasthlutum, gulum, ljósfjólubláum, hvítum. Það er erfitt að svara þá þegar einhver spyr: hvað ertu að gera? Ég er að vinna. Er ég að vinna?

Það er skrítt að vinna. Að meta eitthvað óhlutstætt ferli í peningum, að meta hluti, gjörðir, tíma. Að þurfa að segja, já, þessi gjörningur kostaði þrjátíu og sex þúsund krónur. Aðallega af því ég var að nota þetta vax. En hvert var tímakaupið?

Ef það er skrítt að meta list í peningum þá er enn skrítnara að meta, segjum, líf, dauða, lækningar, bíl, hjól, borð, ruggustól, í peningum. Hvað kostar borð? Er upphæðin sem kaupir borð sú sama og upphæðin sem kaupir gulan plasthlut sem stendur sjálfur úti á gólfi? Við borð er hægt að borða, smíða, elskast, teikna. Hvað erum við að tala um þegar við spyrjum: Hvað kostar þessi

ruggustóll? Hvað ef ruggustóllinn er ekki ruggustóll heldur listaverk?

Stéttarfélög hugsa um þessa hluti. Stéttarfélag er eitt það róttækasta afl sem við hefur komið sögu okkar síðustu þrjúhundruð árin. Stéttarfélag ver verkamanninn. Stéttarfélag skipuleggur, tjáir óréttlæti, skipuleggur mótmæli, verkföll, metur virði þess sem fólk gerir, virði tímans, virði tilvistar. Það eru ekki margir sem gera það, sem reyna að meta hvað það er þegar þú stendur inni í einhverju rými, kannski hvítir veggir, kannski ekki, og reynir að hengja upp ramma sem inniheldur mynd af ömmu þinni haldandi á spegli og öllum verkum Ibsen á norsku. Þú veist ekki alveg

hvar hún á að hanga. Og hvernig áttu að setja hana upp? Með hvaða nagla, hvaða hamri?

En þú manst hvað hún sagði við þig þegar þú tókst myndina; hún vildi vita hvað þú værir eiginlega að gera. Þú segir að þú sért að vinna. Svo sagði hún, það er tiltölulega fátt sem ekki er hægt að kaupa í þessu lífi, fátt sem er ekki hægt að virða fyrir sér í peningum, tölum, tímum. Hún sagði að peningar séu misskilið fyrirbæri. Sú mjóa, en afgerandi, lína sem aðskilur það að virða og það að elska er rými sem fátt býr í. Af því að það er ekki þannig að í annarri hendinni séu vinna, peningar, samfélagslegar skyldur, og í hinnari hendinni sé að

teikna, góður matur veiddur upp úr á, amma, ókeyppis ráðstefna um þátt mimesis í verkum Morandi, ást. Heldur er þetta allt sami (guli) hluturinn. Tvær hendur fastar við sama líkamann.

Það eru tiltölulega fáir sem elska mann í þessu lífi; sem hjálpa manni að setja upp, stilla upp plasthlutum á gólfi seint um kvöld eftir vinnu; sem lána þér bílinn, eina leiðin til að koma öllu þessu dóti niðureftir; sem gefa tímann sinn ekki af því að hann kostar heldur af því að hann er þess virði; sem vita hvað það er sem þarf til að list verði til — hvað væri það kallað? — ást? SÍM er stéttarfélag. SÍM elskar listamenn.



Ljósmynd Arnar Bergmann Sigurbjörnsson.

Íslenski skálinn á Fenejvatvíæringnum: Handan við tröllin

Ana Victoria Bruno

Fenejvatvíæringurinn er vettvangur þar sem lönd hafa tækifæri til að koma listamönnum sínum á framfæri og skilgreina ímynd sína gagnvart heiminum. Skáli hvers lands er eins og nafnspjald sem sýnir það sem þar á sér stað og mögulegt framlag þess til listheimsins. Á þessari 57. hátíð var íslenski skálinn sérlega beinskýttur: Tvö gríðarstór tröll halda sýningu í stað listamanns. Það gæti verið fyndið, virkað eins og brandari, en mun meira liggja bak við yfirborð þessa írónska verks.

Verk Egils Sæbjörnssonar *Out of Controll in Venice*, endurspeglar

flókið samfélag þar sem hefðbundnum innihaldsefnum er hrært saman við önnur sem tekin eru úr íslenskum samtíma og útkoman verður lystilegt póstmóðernískt dæmi um menningu þessa heimlands. Á sama hátt og póstmóðernískir listamenn ítölsku *Transavanguardia* hreyfingarinnar nýttu sér fyrri innlegg í listasöguna og staðbundnar þjóðsögur, virðist Egill fá innblástur frá íslenskri hefð, sem snýst að mestu um náttúru og goðsagnakenndar sagnir. En á meðan listamenn *Transavanguardia* höfðu það að markmiði að endurheimta hefðbundna málverkið inn í

samtímann forðast Egill miðilinn: Hann skapaði verk sem sprettur upp af ólíkum miðlum jafnvel þótt enginn þeirra sé nauðsynlegur, verkið gæti lifað sjálfstætt.

Ímyndunarafl listamannsins blés lifi í tvö tröll, endur-útfærða útgáfu slíkra fyrirbæra í norrænum þjóðsögum. Ísland birtist sem land byggt goðsögulegum skepnum; hraunbreiðurnar, berangursleg fjöllin og hrjúfar klettabrúnir sem rísa úr sjó skapa fullkomið umhverfi fyrir stóran ímyndunarheim fullan af ískyggilegum skepnum. Tröllin, sem Egill tjáir sig í gegnum, eru



Myndir með grein sýna innsetninguna *Out of Controll in Venice*, 2017, í íslenska skálanum á Fenejvatvíæringnum 2017. Birt með leyfi höfundarréttaha, Egils Sæbjörnssonar og i8 gallerí í Reykjavík.

endurómur fortíðar sem er ekki svo fjarlæg. Eins og lík sem eru endurlífuguð mörgum öldum seinna, standa þau forviða gagnvart öllu því sem þau mæta, þau vilja líkja allt eftir hinum nýja vini sínum og verða hluti af þessum nýja heimi, spennt eins og börn. Að mati flestra mannfæðinga má rekja uppruna íslenskra trölla og annars ómennsks fólks til hinna kraftmiklu náttúrufyrirbæra á þessari einangruðu eyju. Tröll Egils, Ugh og Böögár, líkjast vissulega snjóbyl, eldgosi eða jarðskjálfta; einhverju sem óvænt gerist og sem þarf að kljást við til að geta haldið áfram með hversdaginn. Líf Egils fer úr skorðum þegar þau birtast, þau eru risastór og erfitt að ráða við gríðarlegar tilfinningar þeirra. Egill neyðist til að eftirláta þeim sæti sitt á Fenejvatvíæringnum, sem er eina leiðin til að róa ófundaröldur þeirra. Verk Egils er dæmi um frumlega framsetningu á stríði manns og náttúru. Ísland er staður þar sem ekki er hægt að hunsna náttúruna og menn hafa alltaf þurft að laga líf sitt að ófgafullum aðstæðum. Á undanförunum árum hefur straumur ferðamanna aukist mjög og vakið miklar umræður því auðvelt er að spilla hinu viðkvæma jafnvægi milli þess að virða náttúruna og þjóna mannlegum þörfum. *Out of Controll*

in Venice virðist gefa náttúrunni aftur það mikilvægi sem hún á skilið. Íslenskt land virðist hafa orðið fyrir mannlegri innrás og eins hefur líf Egils skyndilega verið yfirtekið af tveimur málþípum náttúrunnar.

Sjá má áhrif náttúrunnar á íslenska list í verkum flestra listamanna sem fæddir eru og uppaldir á Íslandi. Fyrir utan þetta algenga einkenni er annað sem oft má sjá: einkenni gjörningins. Listaverk eru í mörgum tilvikum afurð gjörningalistar: ferlið bak við listaverk fær jafn mikið vægi og lokaniðurstaðan sem er til sýnis. Hægt er að líta á *Out of Controll in Venice* sem gjörning þar sem hið áþreifanlega verk sem sýnt er í íslenska skálanum er aðeins toppurinn á ísjakanum; það er öll sagan á bak við sem gefur innsetningunni gildi. Gjörningurinn er framkvæmdur af tröllunum, í jafnvægisdansi milli hins raunverulega og hins óraunverulega. Þegar tröllin fóru til Fenejja var stuttmynd um samskipti þeirra við borgina sýnd á Netinu. Ugh og Böögár tóku upp tónlist á plötu með Agli, sem nálgast má á SoundCloud, í gangi er hópfjármögnunarherferð til að afla peninga fyrir framleiðslu tröllailmvatns og tískuhönnuðurrinn EYGLO er að skapa fatalínu

byggða á fatastíl tröllanna. Verkið á sér stað á mismunandi sviðum mannlegs lífs: í sýndarheimi Netsins, hinu raunverulega lífi og fantasíuheiminum sem tröllin spretta upp úr.

Out of Controll in Venice er gríðarmikið listaverk. Íslenski skálinn skapar umhverfi þar sem gestir geta lifað verkið; barinn við innganginn selur kaffi, uppáhaldsdrykk tröllanna, sem hægt er að drekka sitjandi við borð sem komið hefur verið fyrir inni í gríðarstórum höfðum tröllanna tveggja, og komast þannig líkamlega inn í þau. Innsetningin miðar að upplifun skynfæra, myrkrið í herberginu og björt tröllandlitin sem hreyfast skyndilega opna gestinum nýja vídd. Ómannlegar og ískyggilegar raddir tröllanna sem tala um tilviljanakennd málefni mannlegs samtíma eykur á tilfinninguna fyrir framandgervingu. *Out of Controll in Venice* er vel útfærð glufa inn í íslenska list og menningu. Þetta gripandi verk gerir áhorfendum kleift að kynnast hefðum þessarar ótrúlegu eyju þar sem list hefur þróast samkvæmt eigin reglum, reglum sem er snilldarlega fléttað saman í verki Egils þannig að hann verður árangursríkur talsmaður Íslands.

Listirnar og lög um opinber fjármál

Kolbrún Halldórsdóttir forseti BÍL



Nú eru liðnir rúmir 20 mánuðir síðan lög nr. 123/2015 um opinber fjármál voru samþykkt á Alþingi. Lögin breyta í grundvallaratriðum framsetningu fjárlagafrumvarpsins og því sjónarmiði verður lýst í þessari grein að breytingin geri almenningi og ýmsum hagsmunaaðilum mun erfiðara fyrir við að kynna sér það sem liggur að baki fjárlögum ríkisins en var í tíð eldri laga um ríkisfjármál. Það stríðir gegn einu af yfirlýstum markmiðum laganna, sem er að tryggja virkt eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár.

Bandalag íslenskra listamanna hefur það hlutverk að gæta hagsmuna listamanna og hefur í því augnamiði sérhæft sig í að skoða fjárlög íslenska ríkisins m.t.t. framlaga til lista og menningar. Í því sambandi hefur BÍL átt árleg samskipti bæði við fjárlaganefnd Alþingis og við framkvæmdavaldið um mikilvægi þess að opinber framlög til list- og

menningartengdra stofnana, sjóða og verkefna séu með þeim hætti að áform um eflingu lista og menningar gangi eftir. Umsagnir BÍL til fjárlaganefndar má finna á heimasíðu BÍL, www.bil.is.

Áform um öfluga list- og menningartengda starfsemi eru ekki einasta hagsmunamál listamanna og félaga þeirra, heldur koma þau skýrt fram í menningarstefnu sem Alþingi samþykkti 2013. Það atriði stefnunnar sem BÍL leggur mesta áherslu á varðar mikilvægi fjölbreytts listalífs og frumkvæðis á vettvangi listsköpunar. Til að þessir eiginleikar sköpunar fái notið sín í raun þurfa fjárframlög ríkisins til list- og menningartengdra stofnana að endurspeglar áformin, en ekki síður þarf að sinna af afli starfsemi utan stofnana, sem fjármögnuð er að stórum hluta gegnum opinbera sjóði og skilgreind verkefni.

Hvort tveggja á heima í fjárlögum íslenska ríkisins; framlög til stofnana, sem byggja framboð sitt á listviðburðum á framlagi listamanna, og framlög til list- og menningartengdra sjóða þar sem listamenn sækja um starfslaun eða framlög til tilgreindra verkefna. Flestir sjóðirnir eru lögbundnir, t.d. starfslaunasjóðir listamanna, myndlistarsjóður, tónlistarsjóður, kvikmyndasjóður, bókasafnsjóður höfunda o.fl. Kerfi þetta er sambærilegt við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar og ekkert alvarlegt að athuga við uppbyggingu þess eða hugmyndafræði, hins vegar hefur kerfinu verið haldið í spennitreyju takmarkaðra fjárframlaga allt of lengi.

Því hefur verið haldið fram af ábyrgum aðilum í stjórnkerfinu að framlög til lista og menningar hafi verið skorin niður um a.m.k. 20% eftir hrúnið 2009 og hagsmunaaðilar

innan listgreinanna hafa haldið því fram að niðurskurðurinn hafi ekki enn verið bættur nema að litlu leyti. Því sjónarmiði hefur ekki verið andmælt af stjórnvöldum. Að vísu má halda því fram að erfitt sé að afla upplýsinga um tölfraði lista og menningar þar sem henni er illa sinnt af opinberum aðilum á borð við stjórnarráðið og Hagstofu Íslands. Þar er gríðarlegt verk að vinna sem stjórnvöld og listamenn eru sammála um án þess að það hafi skilað sér í nægilega afgerandi aðgerðum stjórnvalda eða að fjárframlög hafi fylgt þeim vilja til úrbóta sem stjórnvöld hafa þó látið í veðri vaka.

Nýju lögin um opinber fjármál tóku gildi 1. janúar 2016 og þó markmiðið með þeim sé bætt stefnumótun til lengri tíma og tímasett töluleg markmið í fjármálum hins opinbera og efnahagsmálum almennt, þá hefur ekki tekist sérlega vel til með framsetningu þess hluta fjármálaáætlunar eða

frumvarps til fjárlaga sem lýtur að listum og menningu. Í fyrsta lagi eru áformin um eflingu lista og menningar, sem sett eru fram í fjármálaáætlun 2018 – 2022, ekki fjármögnuð að neinu marki í frumvarpi til fjárlaga 2018, auk þess sem upplýsingar um upphæðir til smærri stofnana, sjóða og tilgreindra verkefna, sem fram koma í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu, eru svo gloppóttar að furðu sætir. Þegar rennt er yfir yfirlitin í fylgiritinu virðist sem í tilfelli lista og menningar séu þær gloppóttari en í öðrum málaflokkum. Í öllu falli þá gagnast þær engan veginn þeim hagsmunaaðilum sem vilja veita stjórnvöldum hið virka eftirlit sem skrifað er inn í lög um opinber fjármál.

Breytingarnar sem nýju lögin um opinber fjármál hafa í för með sér snerta Alþingi, ráðuneyti, stofnanir og almenning, og eru breytingarnar svo umfangsmiklar að líklegt er að þær þurfi nokkurn aðlögunartíma,

en það er óásættanlegt að grundvallarupplýsingar um þennan brotackennda og viðkvæma málaflokk, listir og menning, skuli ekki betur framsett en raun ber vitni. Það hlýtur að vera krafa hagsmunaafla listamanna að úr þessu verði bætt á næstu vikum og hefur BÍL þegar sent erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem óskað er upplýsinga um sundurliðun, sem ætti að vera til staðar í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu en er þar ekki. Þessi skilaboð eru einnig ætluð fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem hefur haft yfirumsjón með innleiðingu laganna og lýsir því yfir í texta fjárlagafrumvarps 2018 (bls. 80) hversu víðtækt samráð þurfi að hafa við innleiðingu laganna um opinber fjármál ef vel eigi að takast. Bandalag íslenskra listamanna skorast ekki undan þeirri áskorun, við svörum erindum á netfanginu bil@bil.is.

Kristbergur Óðinn Pétursson

Vinnustofa Kristbergs að Lyngási í Garðabæ er honum nauðsynleg en hann er nú í óðaönn að undirbúa sýningu í Gerðubergi sem opnar 25. nóvember. Kristbergur nam við Myndlistar- og handíðaskólann 1979- '85 og síðan Rijksakademie van Beeldende Kunsten, Amsterdam, Hollandi 1985- '88. Kristbergur gaf STÖRU innsýn í vinnustofu sína.



Hvar færðu innblástur?

Vinnan veitir mér innblástur þegar ég er að störfum á vinnustofunni. Ferðalög, lestur og tónlist hefur góð áhrif. Kyrrð, hvíld og einvera. Gott er að eiga fáa og góða vini í ævilangri fylgd. Sama gildir um hugmyndir. Annars vil ég frekar tala um djúpar kenndir en hugmyndir. Það er eitthvað sem sprettur af djúpum rötum og verður hvorki lært né kennt og kannski aldrei skilið til fulls. Ef ég gæti með góðu móti fært það í orð væri ég rithöfundur.

Hvaða verkefni eru fram undan hjá þér?

Sýning í Gerðubergi, opnar 25. nóvember. Eftir það er ég verkefnalaus, nema það sé sérstakt verkefni að leita sér að verkefnum.

Hversu mikilvægt er fyrir þig að vera með vinnustofu?

Býsna mikilvægt. Ein aðal forsenda þess að koma einhverju í verk. Ég hef verið með vinnustofu nær samfelld síðan 1991 í afdönkuðum verksmiðju- og iðnaðarhúsum í Hafnarfirði, sem að lokum voru rifin. Óttast að Lyngás 7 fari sömu leið.

Lýsing á vinnustofunni

Þjört, góð lofthæð, suðurgluggar,

dálítið heit í sólskini. Yfirfull af verkum, tækjum og tólum. Gott næði.

Hvert er markmiðið/toppurinn í starfinu?

Það er ekkert endanlegt markmið og það eru bæði toppar og lægðir á ferlinum. Hver sýning er markmið út af fyrir sig og markar kaflaskil. Engir tveir kaflar eru eins en tilheyra þó sömu sögunni. Vil halda áfram og gera betur. Hef mikinn áhuga á að halda sýningu erlendis. Það er fjarlægur draumur, en draumur engu að síður, að geta lifað af listinni.

Af hverju ertu myndlistarmaður?

Ég fann mig í myndlistinni. Síðan spurning um að vera sjálfum sér trúur.

Í fullkominni veröld væri myndlist ... fullkomin.

Mottó

Hef aldrei tileinkað mér neitt mottó, en þessi orð koma í hugann: Ein mynd getur sagt meira en þúsund orð. Og þetta: Listin er vinna.

Áhrifavaldar

Sá fyrsti var van Gogh og sá nýjasti Howard Hodgkin. Gunnlaugur Scheving hafði þónokkur áhrif á mig þegar ég var unglingur. Ég stældi

aðferð hans að vinna uppúr örsmáum skissum. Á unglingsárunum kóperaði ég Van Gogh, Cézanne, Rembrandt, Manet, Titian og marga aðra meistarar uppúr listaverkabókum. Síðan get ég nefnt Albert Pinkham Ryder, Ralph Blakelock, Carl Frederik Hill, Odilon Redon og fleiri, listinn er langur. Maður er alltaf undir áhrifum, bæði nýjum og gömlum. Það er dýrmæt tilfinning að hrífast af einhverju.

Hvað er SÍM fyrir þér?

Félagið okkar. Án SÍM værum við tvístruð hjörð og hagsmunamál okkar í ólestri.

Af hverju gerdist þú félagi í SÍM?

Sem meðlimur í Íslenskri grafík varð ég sjálfkrafa meðlimur í SÍM.

Hvaða kostir eru við það að vera félagi í SÍM?

Ég hef alltaf fengið góð viðbrögð og aðstoð hjá SÍM þegar ég hef leitað þangað með fyrirspurnir og úrlausnarefni. Svo er frábært að eiga kost á vinnustofudvöl í Berlín, ég var þar í tvær vikur í sumar, gef mín bestu meðmæli og fer aftur við fyrsta tækifæri. Starfsfólk og stjórn SÍM vinnur ótullega að hagsmunamálum félagsmanna. Takk fyrir mig.

Fegurð og merking

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Lektor við Háskólann á Akureyri

Getur sýning verið of falleg? Þessi spurning leitar á hugann þegar gengið er um sýninguna *Breytur* í galleríi Berg Contemporary. *Breytur* er fyrsta sýning gallerísins á verkum Doddu Maggýjar og sýnir þróunina í list hennar á síðustu árum. Sýningin undirstrikar um leið áherslur gallerísins þegar kemur að vali á listamönnum. Berg Contemporary hóf starfsemi fyrir einu og hálfu ári með opnun sýningar á verkum Finnboga Péturssonar, en hefur síðan sett upp verk eftir Steinu og Woody Vasulka og Sigurð Guðjónsson, listamenn sem eiga það sameiginlegt með Doddu Maggý að vinna með tengsl myndar og hljóðs.

Geta listaverk verið of falleg? Án þess að hafa svarað fyrri spurningunni, er athyglinni beint að prentverkum sýningarinnar. Prentmyndirnar tengjast vídeóverkunum *Étude Op. 88, No.1, Coil* (úr *C-seríu*) og *DeCore* verkaröðinni sem einnig er að finna á sýningunni. Öll þessi verk eru abstrakt, formfögur og höfða til fegurðarkenndar sem kviknar ósjálfrátt frammi fyrir verkum byggðum á þekktum lögmálum um hlutföll og áhrif þeirra á fegurðarskynið. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Dodda Maggý

sýnir abstrakt vídeó en fyrsta verk hennar af þeim toga er frá árinu 2012. *DeCore (aurae)* er þögul vídeómynd samsett úr síkvikum, sterklitluðum mynstrum, sem hafa verið endurunin, í mildari litatónum, og síðan prentuð á svartan bakgrunn. Í þessum prentmyndum og öðrum svart-hvítum, einnig úr *DeCore* röðinni, sem Dodda Maggý sýnir hér í fyrsta sinn, má gaumgæfa fínleg mynstur og gæla við fegurð endurtekingarinnar.

Prentmyndirnar eru einu eiginlegu hlutirnir á sýningunni, ásamt útgefni hljómplötu á tónverkinu *C-sería*. Án þess að draga í efa listrænt gildi prentverkanna, virðast þau hafa þann megintilgang að ná til þeirra viðskiptavina gallerísins sem ekki hafa áhuga á vídeómyndum.

Prentmyndunum er án efa ætlað að skapa eftirspurn eftir nýrri tegund verka, laus við búnaðinn sem óhjákvæmilega fylgir vídeóinu. Það má velta fyrir sér hvaða áhrif gallerí og markaður hafa haft á áform listamannsins við undirbúning sýningarinnar og hvernig þessir þættir spila saman. Samspil áhrifa framboðs og eftirspurnar er ekki nýtt

af nálinni. Það hefur verið til staðar síðan gallerí tóku að bjóða málverk eftir impressjónistana til sölu á 19. öld. Á þeim tíma átti eftirspurn eftir keimlíkum verkum eftir sama listamann sinn þátt í að ýta undir tilurð seríunnar, þar sem sama viðfangsefni er endurtekið á síbreytilegan hátt. Eftirspurnin þjónaði samtímis markaðslegum og listrænum markmiðum sem þarna virtust haldast í hendur.

Á sýningunni *Breytur* er hvert prentverk sett fram sem sjálfstætt verk sem jafnframt er hluti af seríu verka sem byggja á tilteknu vídeóverki. Þetta þýðir að hvert prent verður ekki alveg skilið frá vídeóinu sem það á vissan hátt tilheyrir. Á markaðstorgi listarinnar fá prent og vídeó stuðning hvert af öðru. Það sama gildir um listfræðilega stöðu verkanna og greiningu á tilurð þeirra og merkingu. Í listfræðilegri umfjöllun er tilhneiging til að skilja sjálfstæði verksins sem listaverks frá markaðslegri stöðu þess og líta á þetta tvennt sem aðskilið. Listaverkið sem markaðsvara er ekki til umfjöllunar, enda varan álitin annars eðlis en tilvist listaverksins í sjálfu sér. Oftast er litið framhjá þessu



Ljósmynd Vigfús Birgisson fyrir BERG Contemporary

sambandi í umfjöllun um listsýningar í galleríum þótt sölugallerí séu augljóslega öðruvísi sýningarstaðir en opinber söfn og listamannarekin rými. Galleríið hefur það markmið að koma verkum tiltekens listamanns á framfæri við ákveðna tegund kaupenda án þess þó að rýra listrænt gildi þeirra. Til að gæta hlutleysis eru verkin sett upp í hvítu rými gallerísins, sem líkt og söfnum er ætlað að gefa til kynna hlutleysi, en án merkingu, til upplýsingar, og jafnvel án þess að neinn sölumaður sé sýnilegur. Það er því hægt að líta framhjá raunverulegum tilgangi sýningar gallerísins og skoða hana út frá listrænu sjónarhorni eingöngu. Hagsmunir gallerís og listamanns af því að horft sé framhjá markaðslegum tilgangi sýningar á borð við *Breytur*, er að verðgildi listaverkanna er ekki alveg óháð listrænu gildi þeirra. Á sýningunni *Breytur* er því hægt að kjósa að líta framhjá prentverkunum sem söluvöru og velta eingöngu fyrir sér listrænu gildi þeirra.

Fegurð prentverkanna verður ekki skilin nema þau séu sett í samhengi við vídeóverkin, sem búa yfir sömu áleitnu

fegurðinni. Við fyrstu sýn virðist fullkomleiki þeirra vera afrakstur sjálfskapandi mynstra, búin til af tölvuforritum. Verkin skírskota þannig til tölvulistar síðustu áratuga á meðan tengsl myndar og tónlistar í verkunum vísar til framúrstefnukvikmynda frá upphafi 20. aldar og sögu tilrauna með samþættingu myndar og hljóðs með raf- og stafrænni tækni. Það er ekki fyrr en skyggst hefur verið á bakvið tilurð verkanna og blekkinguna um að þau séu sjálfsprottin, sem verk Doddu Maggýjar verða raunverulega áhugaverð. Grípandi og áreynslulaus mynstrin eru ekki byggð á forritun heldur flóknu samspili sjónrænna forma og tóna, myndar og hljóðs sem Dodda Maggý skeytir saman líkt og kvikmyndagerðarmaður í árdaga kvikmyndanna – en með nýrri tækni. Í verkum sem ýmist höfða til sjónar eða heyrnar, og stundum skynfæranna samtímis, haldast tón- og myndsköpun saman í flóknu samspili myndgerðra tóna, og tóngerðar myndar. Í þessu samhengi fá prentverkin merkingu sem hlutgerð tónlist, án þess að tónlist komi endilega við sögu nema sem hugmyndalegur, óhlutbundinn grunnur

verkanna, mótaður af reglum sem listamaðurinn setur sér sjálfur, líkt og hver annar konsept-listamaður.

Það er með því að byggja myndina á tóni, og setja hvern hlut fram líkt og nótu með tónbili sem hlutfallslegt rými milli nótna, og tengja það við sjónræna hluti, sem hægt er að kalla fram form byggð á samhljómi. Það er hinn hljóðræni samhljómur sem kallar fram myndræna fegurð sem Dodda Maggý setur fram til að ögra aldargamalli kröfu framúrstefnunnar um andstæðu hennar, ljótleikann. Slík áferðarfalleg verk virðast pólitískt hlutlaus, jafnvel meinlaus. Þau virðast umfram allt búa í sjálfum sér og snúa spurningum sínum að eigin tilvist. Engu að síður má spyrja hvaða merkingu aðra þau gætu haft, að teknu tilliti til þess að áferðarfalleg verk, byggð á sígildum samhljómi, hafa tilhneigingu til að koma fram á tímum pólitískra umróta og óvissu.



Óbvia gestavinnustofa



Óbvia samtökin voru stofnuð árið 2015 í borginni Setúbal í Portúgal, af heimamönnum sem höfðu sameiginlegan áhuga á að þróa alþjóðlegt, menningarlegt sjónarhorn. Þótt liðsfélagar hafi verið meðvitaðir um þá möguleika sem fólust í staðbundnum mannauð og nærumhverfi sem veitir innblástur, var enn margt ógert. Alþjóðlega Óbvia gestavinnustofan fylgir í fótspor landa sem leggja áherslu á menningarlegar skuldbindingar og nota þær sem tækifæri til að enduruppötva og endurhugsa staðbundið samhengi. Henni var ætlað að koma listamönnum og listiðju þeirra á framfæri, auk þess að efla og þróa samvinnu við aðrar þjóðir og menningarheima.

Hér er mikilvægt að hafa í huga nálægð Setúbal við helstu menningarmiðju landsins, höfuðborgina Lissabon, sem er stór kostur fyrir samtökin og gestalistamennina. Jafnframt því að njóta afslappaðs, ósvikins portúgalsks lífsstíls í Setúbal, geta listamennirnir einnig, ef áhugi er fyrir hendi, leitað uppí menningarlegar auðlindir í Lissabon, í aðeins 40 mínútna fjarlægð.

Óbvia gestavinnustofan er staðsett í Setúbal, borg með u.þ.b. 100.000 íbúum. Náttúrulegt umhverfi borgarinnar, en hún er varin af hæðum og vísar mót ánni og sjónum, skýrir langa sögu hennar og má

finna mörg dæmi um sögulegan og menningarlegan arf í munum, söfnum og minnismerkjum víðs vegar um borgina.

Arfleifð borgarinnar nær einnig til náttúrulegs umhverfis hennar sem er áhugavert út frá sjónarhorni loftslags og náttúru. Serra da Arrábida þjóðgarðurinn og Sado Estuarium áin eru svæði gríðarlega fjölbreytts og einstaks jurta- og dýralífs, sem myndar sterkt mótvægi við iðnaðarsögu borgarinnar á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þessi fjölbreytileiki landslagsins gefur listamönnum í Setúbal tækifæri á margvíslegum uppgötvunum og upplifunum.

Þar sem um sjávarborg er að ræða, eru sjómenn, bátar þeirra, áin og sjórinn, órjúfanlegur hluti af Setúbal. Þess vegna er Óbvia gestavinnustofan, bæði húsnæði og vinnustofa, staðsett í dæmigerðu gömlu fiskveiðihverfi.

Óbvia gestavinnustofan tekur við listamönnum af öllu tagi, hvaðanæva að úr heiminum. Kallað er eftir umsóknum listamanna og við bjóðum þeim tíma og rými til að einbeita sér að verkum sínum og listrænu ferli. Gestavinnustofurnar starfa í sjö mánuði á ári, frá október til apríl. Lengd hverrar vinnudvalar getur verið frá einum mánuði og upp í þrjá, og fer það eftir umsóknum listamanna, væntingum og áhuga. Óbvia setur

reynslu og þarfir hvers listamanns í forgang, hvort sem þeir eru að leita að stað til að einbeita sér að verkum sínum, vilja víkka tengslanet sitt eða eru forvitnir og opnir fyrir áhrifum ólíkrar menningar.

Mikilvægt er að hafa í huga að Óbvia gestavinnustofan er alþjóðleg gestavinnustofa rekin af Associação Óbvia, sem sjálfbær gestavinnustofa án nokkurrar aðkomu ríkisrekinnna styrkja. Gestalistamenn verða sjálfir að borga ferðakostnað sinn, efniviðinn í verk sín og framfærslukostnað á meðan á dvölinni stendur. Óbvia hefur enga styrktaraðila. Hins vegar erum við fús til að aðstoða við umsóknir um styrki til að standa straum af kostnaði og gjöldum, af fremsta megni.

Það eru spennandi tímar fram undan hjá Óbvia þar sem við erum nú að taka á móti fyrstu listamönnum sem taka þátt í verkefninu. Við fengum mjög góð viðbrögð á alþjóðavísu, og Ísland var þar engin undantekning. Um leið erum við nú að undirbúa næsta kall eftir umsóknum, sem senda má inn á tímabilinu desember 2017 til janúar 2018. Þegar dregur nær því að opnað verður fyrir umsóknir munu nánari leiðbeiningar verða birtar á vefsíðu okkar, www.aobvia.com, svo það er um að gera að fylgjast með!



Joan Jonas, Moving Off the Land, 2016/2017. Gjørningur með Maríu Huld Markan á Sequences, Tjarnarbíó. Birt með leyfi listamannsins og Gavin Brown's Enterprise, New York/Rome. Ljósmynd Elisabet Davíðsdóttir.

Sequences VIII

Svipmyndir frá Teygjanlegum tímum (Elastic Hours), dagana 6. - 15. október, 2017.

Ljósmyndari Margarita Ogoļceva



Joan Jonas, Kites (Vietnam), 2017. Birds and Sea Creatures, 2016/2017. Nýlistasafnið

Ragnar Helgi Ólafsson, Dagar, nætur, vikur, mánuðir, ár / Almanak (Nokkrar fyrirframgefnar hendingar), 2017. Kristín Ómarsdóttir var gestur Ragnars og skrifaði dagatöl fyrir október 2017, 2038 og 2070. Mynd: Ragnar Helgi Ólafsson. Harbingur.



Hildigunnur Birgisdóttir, Time passes: camera accidentally taking video instead of still pictures, 2017. Stigagangur, Vesturgata 7.



Cally Spooner, On False Tears and Outsourcing; musicians audition in public to become a manufactured band, in Iceland, 2017. Frá áheyrnarprufu þar sem dómnefnd fylgdist með hæfileikum þátttakenda og valdi meðlimi í hljómsveit Spooner, False Tears, og flytjendur lagsins NAH NAH NAH.



David Horvitz, Some Meditations for Resonating Hourglasses Sounding the Shapes of Hours, 2017 og Proposals for Clocks, 2016-. Kling & Bang.



Una Sigtryggisdóttir, Does time move faster when we watch it pass 2016/17. Í bakgrunni má sjá í verk Rebekku Erin Moran, 498SECONDS, 2017. Kling & Bang.



Margot Norton, sýningarstjóri hátíðarinnar ásamt Ragnari Helga Ólafssyni



Birgir Andrésson, Endalaus dagurinn, 2005. Grandagarður 39.



Eduardo Navarro, In Collaboration with the Sun, 2017. Samhæfing við sólina. Kling & Bang




Roman Ondak, The Lightness of Being, 2017. Gjørningur í og við Marshallhúsið í flutningi Thorlacius fjölskyldunnar.



Agnieszka Polska, I am the mouth II, 2014 í Ekkisens.



Stóra myndin.





Án titils (Fléttaður strengur No. 4 - bláar, hlykkjaðar línur), 2017. Keramik, glerhúð, framlengingarsnúra, ljósaperur, plastlykkjur, veggfesting.



Án titils (Fléttaður strengur No. 2 - gulur), 2017. Keramik, glerhúð, framlengingarsnúra, ljósaperur, plastlykkjur, veggfesting.

Gestavinnustofan

Dana Hemmenway



Án titils (Fléttaður strengur No. 2 - gulur), 2017. Keramik, glerhúð, framlengingarsnúra, ljósaperur, plastlykkjur, veggfesting.



Án titils (vefaður gifsveggur), 2016. Leiserskorinn gifsveggur, viður, framlengingarsnúrir, sérsníðaðar veggfestingar, litaðar flúrljósaperur.

Þátttaka listamanna í listamanna-reknum rýmum er mikilvægur þáttur í heilbrigðu menningarlandslagi. Dana Hemmenway (BNA) er einn slíkur listamaður en hún dvaldi á vinnustofum SÍM síðastliðið sumar og segir okkur hér frá listsköpun sinni og upplifun af dvöl sinni hér á landi. Dana útskrifaðist með MFA frá Mills College og er einn listamanna Eleanor Harwood Gallery í San Francisco, CA. Ásamt þessu er hún einn stofnenda listamannarekna rýmisins Royal NonSuch Gallery í Oakland, CA.

Að hverju varstu að vinna í SÍM gestavinnustofunni?

Á meðan ég var hjá SÍM vann ég að röð skúlptúra sem vísuðu á afstrakt hátt til miðlunar ljósmynda og ramma þeirra. Þar á meðal eru einfölduð þrífótform úr víði, hreyfigripskúlur úr dúskum, innrömmunarkarton úr sólarfilmu, málað með veggmalningu og glanspappír, og flugdreki sem vísar til fyrstu teiknivélanna sem komu á undan ljósmynduninni. Ég fór svo með þessa skúlptúra í ferð um Ísland til að ljósmynda þá eða kvikmynda. Ég áttaði mig fljótt á því að það væri mikilvægt að innlima myndmál túsismans sem ég sá. Þannig að á milli þess sem ég tók myndir af skúlptúrunum í náttúru sem fyllir mann lotningu, sýndi ég þá einnig í aðstæðum eins og á bílastæðinu við Jökulsárlón og fékk túrista til að aðstoða við að halda á þeim.

Hafði dvölin hér áhrif á verk þín?
Það er líklega of snemmt að segja nákvæmlega til um það hvernig dvölin mín hér hafði áhrif á verk mín. Ég veit að ég mun snúa til baka með litróf og áferð íslensks landslags í höfðinu; hraun, mosa, mól, jökla, ís, og jafnframt alla listina og menningarviðburðina sem ég sá í Reykjavík. Ég er líka spennt að halda áfram að kanna vinnuáferðirnar sem ég þróaði þar, að mynda skúlptúra í landslagi. Þetta var alveg nýtt fyrir mér. Ég er enn að vinna úr því, en ég hlakka til að sjá hvernig þetta verður hluti af vinnu minni og verkum í framtíðinni.

Geturðu sagt okkur aðeins frá [Royal NonSuch Gallery](#) og þinni aðkomu að því?

Royal NonSuch Gallery er listamannarekið rými fyrir alternatífa list og viðburði. Það er staðsett í Temescal hverfinu í Oakland, Kaliforníu og er rekið með samvinnu fjögurra kvenna sem eru sjálfstæðir sýningarstjórar og listamenn, og það gefur starfseminni fémínískan fókus. Við höfum það markmið að skapa samfélag í kringum listrænar upplifanir sem teljast ögrandi og hafa hugmyndalegar áherslur, en eru á sama tíma aðgengilegar og skemmtilegar.

Hvað gefur þér mesta ánægju við þetta hlutverk þitt í að styðja við

listsöpun?

Mér finnst mjög mikilvægt sem listamaður að gefa til baka og taka þátt í að skapa það listasamfélag sem ég vil vera hluti af. Mér finnst það til dæmis oft leiðinlegt hversu fáir upprennandi listamenn utan San Francisco flóans sýna þar, svo að samhliða því að taka þátt í starfsemi Royal NonSuch Gallery hef ég aðstoðað við stjórn og skipulagningu sýninga með listamönnum annars staðar að. Ég nýt þess líka að læra um vinnubrögð annarra listamanna og að styðja þá. Við það kemst ég út úr vinnustofunni minni og mínum áherslum og einbeiti mér að öðrum aðferðum og hugmyndum.

Finnst þér erfitt að gera hvort tveggja, vera listamaður og reka gallerí?

Það getur verið mjög erfitt! Sérstaklega ef það er líka mikið að gera í dagvinnunni minni. Ég vinn ekki fulla vinnu fyrir utan listina og það hefur hjálpað til við að finna tíma fyrir þetta tvennt en stundum getur það verið mjög snúið. Það hjálpar þó að við erum fjórar sem vinnum þetta saman, þar sem við getum skipst á að taka fullan þátt, eftir því sem hentar.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í vinnu þinni hjá Royal NonSuch Gallery?

Líklega felst mesta áskorunin í því að afla styrkja. Flestir þeir sem við vinnum með eru aðrir listamenn svo það getur verið erfitt að tryggja stór



Hold Me Like Before: Carissa Potter, 2014
Sýning í Royal NoneSuch Gallery



Breathless (Colossus): Ivy Haldeman, 2017. Sýning í Royal NoneSuch Gallery.

framlög því fæstir listamenn hafa aðgang að sjóðum sem geta frjállega ráðstafað fjármagni. Við erum líka í mörgum tilvikum aðeins of lítil til að teljast styrkhæf, þannig að fjármagnið sem við fáum úr ýmsum sjóðum er takmarkað. Þetta er stórt vandamál fyrir mörg listamannarekin rými og smærri verkefni í Bandaríkjunum: Þegar verkefni verður of umfangsmikið til að listamennirnir geti sjálfir fjármagnað þau, en of lítil til að fá styrki úr sjóðum. Ég held að á þeirri stundu falli margt verkefnið um sjálfst sig. Hingað til höfum við alltaf náð að láta hlutina ganga upp, en það tekur á taugarnar!

Á síðustu áratugum hefur íslensk myndlist verið mjög háð frumkvæði listamanna og listamannarekinna rýma. Á það sama við um Oakland og Bandaríkin almennt?

Já, algjörlega. Mörg af þeim rótgrónu listrymum í flóanum sem rekin eru af hugsjón en ekki í gróðaskyni voru stofnuð af listamönnum. Þau eru nú orðin miklar stofnanir með breiðan og fjölbreyttan markhóp, en rætur þeirra voru rými sem listamenn komu af stað fyrir listamenn.

Á Íslandi hafa aðstæður fyrir listamannarekin rými orðið sífellt erfiðari vegna gríðarlegra hækkana á leigumarkaði. Glímið þið við sömu vandamál í Bandaríkjunum og ef svo er, hafið þið fundið einhverjar leiðir út úr þeim vanda?

Í San Francisco flóanum, sem og í stóru miðlægu listasenum eins og í New York, er há leiga gríðarstórt vandamál fyrir ný sýningarrými sem eru að hefja starfsemi með takmörkuðu fjármagni. Í flóanum er algengt að listamenn nýti sér á skapandi hátt óhefðbundnar leiðir til að sýna verk sín. Til dæmis reka margir gallerí á heimilum sínum. Ég get nefnt tvö: [2nd floor projects] sem undanfarin tíu ár hefur tekið yfir stofu listamannsins – en hann sefur í fataherberginu til að láta það ganga upp! Og Nook Gallery sem opnaði nýlega í Oakland en þar eru settar upp listsýningar í eldhúskróki hússins. Ég vil líka nefna farandsýningaverkefni, Stairwell's, þar sem sýningar eru settar upp í stigum en hugmyndin er að nota þennan annars vagnýttan hluta bygginga fyrir tímabundin listverkefni. Allt eru þetta

frábær dæmi um hversu skapandi og klókir listamenn geta verið í að skapa rými fyrir samtímalist á allan mögulegan hátt, en ég velti því þó stundum fyrir mér hvort þessar krókaleiðir kringum leiguvandann geri það minna aðkallandi að taka slaginn og krefjast aðgengis að sýningarrýmum á viðráðanlegu verði þar sem upprennandi listamenn geta sýnt verk sín.

Fannst þér vanta eitthvað í umhverfi listamanna á Íslandi?

Nei, miðað við mína reynslu virtist listasenan mjög heilbrigð og fjöldi menningarviðburða, tónlistar og hljóðviðburða, hátíða og sýninga veitti mér mikinn innblástur!

Var eitthvað við íslensku listasenum sem kom þér á óvart?

Það kom mér á óvart hversu stór hún er og opin. Það var ljúft að hitta íslenska listamenn, sjá sýningar þeirra, fara í vinnustofuheimsóknir og/eða fá sér bjór saman!



Án titils (Grind No. 5 – fjólublár), 2016. Hábreunslukeramík, glerhúð, appelsínugular framlengingarsnúgur, sérsníðuð veggfesting, fljúrljósapera.

Eftir höfðinu dansa limirnir

Hlynur Helgason



Viðtal við Hörpu Þórsdóttur, nýskipaðan safnstjóra Listasafns Íslands, um afstöðu safnsins til samtímalistar, greiðslur til listamanna fyrir sýningar og möguleika á eflingu starfsemi safnsins

„Mínar áherslur munu mjög mikið lúta að því að opna safnið á allan hátt. Innkaup safnsins, ég vil bara að þau séu fréttæm. Það er mikilvægt að við séum opnari stofnun og að við gerum okkar störf mikilvægari fyrir mikið fleiri“

Safnið gegnir því hlutverki að varðveita og birta arfleifð íslenskrar myndlistarsögu. Það er hins vegar spurning hvaða hlutverki það á að gegna á vettvangi íslenskrar samtímalistar. Hvaða stefnu ætlar þú að taka í því?

Samtímahlutverk safnsins er bara algjört. Við erum að kaupa þessa myndlist, þar erum við þátttakendur í að byggja upp vettvanginn, þótt við séum hugsanlega líka að safna inn í hlutverk okkar eftir 30 ár eða 100 ár. Samtíminn í myndlist gefur til baka. Við þurfum líka alltaf í þessu samhengi að spyrja okkur mikilvægra spurninga: Hvað vill fólk sjá? Hvað teljum við að fólk vilji sjá? Þegar við skoðum þetta þá erum við líka í samtímanum. Stundum skiljum við ekki af hverju nákvæmlega eitthvað varð svona rosalega vinsælt frekar en annað en við þurfum samt að geta hugsað um það á fjölbreyttan hátt. Við höfum skyldur, við setjum okkur pressu og við viljum líka svara kallinu. Söfn í dag átta sig æ betur á því að við getum unnið heilmikið með verkin sem við eigum og safneignina, og þá líka í tengslum við samtímalistina.

SÍM hefur lagt mikla áherslu á það undanfarið að listamenn fái réttláta þóknun fyrir að sýna í opinberum söfnum. Hvernig snýr þetta að Listasafni Íslands og hvaða afstöðu telur þú að safnið eigi að taka í þessum málum?

Við erum mjög vel meðvituð um þetta. Sumir segja á svona stundum: Eftir höfðinu dansa limirnir. Ef við tökum okkur þá stöðu að vera höfuðið í þessu samhengi, fyrir önnur söfn, þá verðum við að ganga fram með góðu fordæmi. Þetta er sterk sanngirniskrafa sem mér finnst vera til staðar alls staðar. Það er alveg sama hvern þú myndir spyrja um þetta í samfélaginu, hann myndi svara: Já, að sjálfsögðu.

Málið er bara hvernig á að gera þetta. Listasafnið er ekki virkur þátttakandi í umræðunni um hvernig á að hátt greiðslum til listamanna. Við semjum hins vegar alltaf við listamenn um okkar verkefni. Skýrir samningar geta bara verið til góðs. Þar kemur fram að það eru skyldur í báðar áttir um allt sem skiptir máli. Þar inni eru líka samningsákvæði um greiðslur fyrir það sem menn telja að sé sanngjarnt.

Við viljum stuðla að því að það ríki ekki óvissa eða tortryggni um þessi mál. Þar held ég að allir séu sammála. Við sjálf getum hins vegar bara talað út frá þeirri stöðu sem við erum í, út frá því hvaða fjármuni við höfum til að spila úr. En þrátt fyrir það vil ég leggja áherslu á að mér finnst það sanngirniskrafa að listamenn fái greidda þóknun. Hversu há sú upphæð er, er síðan allt annað mál. Ég legg áherslu á að við hér í safninu höfum fullan skilning á sanngirnispættinum í þessu máli.

Nú hefur safnið lengi búið við þröngan kost og það hefur verið áberandi að fjárveitingar til þess eru afar litlar, a.m.k. í samanburði við sambærileg söfn í nágrannalöndum. Er raunhæft á þessum tímamarki, að stefna að því að stækka og efla starfsemi safnsins?

Ég er sannfærð um það. Mínar áherslur munu mjög mikið lúta að því að opna safnið á allan hátt. Innkaup safnsins, ég vil bara að þau séu fréttæm. Það er mikilvægt að við séum opnari stofnun og að við gerum okkar störf mikilvægari fyrir mikið fleiri. Ef við opnum meira fyrir okkar skilning á okkar eigin starfsemi þá fer fólk að hugsa um myndlist á nýjan hátt og að máta sig meira við myndlist. Við sinnum fjölda hópa. Við erum með ferðamanninn, við erum með Íslendinginn sem kemur oft, við erum með leikskólanema og við erum líka komin með Alzheimer sjúklinginn. Við erum með gríðarlega mikilvægt litróf. Ef okkur tekst að fara inn í þessa þjónustuhlið og sýna mikilvægi okkar, þá er ég sannfærð um — með ýmsum meðvirkandi þáttum — að við getum aukið okkar starfsemi. Ég held að stærðin á safninu í dag, sérstaklega sýningar- og varðveislurýmið okkar, fýsísk húsnæðisstærðin, háí vextinum. Ef við ætlum að að verða þátttakendur, og til þess að fá auknar tekjur, verðum við að fá rýmra svið.

Momentum 9

Upprifjun sýningarstjóra

Jón B. K. Ransu



Þessa dularfullu holu gróf finnska listakonnan Jenna Sutela fyrir hljóðinnsetningu.

Í rúmlega 30.000 manna borg er Moss heitir og er í námunda við Osló í Noregi er myndlistartvíæringur undir yfirheitinu Momentum. Tvíæringur var fyrst haldinn í borginni árið 1997 í þeim tilgangi að gera norrænni samtímalist skil með tilliti til ungra norræna myndlistarmanna. Með tíð og tíma hafa þær áherslur breyst og aldurstakmörk sem og þátttaka alþjóðlegra listamanna aukist til muna þótt undirliggjandi séu norræn gildi ætíð tekin til skoðunar á Momentum sýningunum.

Á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní síðastliðnum, opnaði níundi

tvíæringurinn í Moss, Momentum 9 – Alienation. Undirbúningur hans hafði staðið yfir í tæp tvö ár og þar af höfðu sýningarstjórar starfað 14 mánuði. Alls koma fimm sýningarstjórar að sýningunni, sem er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að það er enginn yfirsýningarstjóri, eins og algengt er á þetta stórum sýningum, heldur er einn sýningarstjóri valinn frá hverri Norðurlandabjóð. Sýningarstjórar Momentum 9 heita Gunhild Moe (Noregur), Ilari Lamanen (Finnland), Jacob Lillemose (Danmörk), Ulrika Flink (Svíþjóð) og undirritaður, Jón B. K. Ransu (Ísland).

Það var á margan hátt einkennilegt að starfa að sýningu á þessum nótum. Það kallaði á lýðræðisleg vinnubrögð og sameiginlegar ákvarðanir og ábyrgð. Það kostaði einn til tvo skype fundi á viku í allavega 12 mánuði og fimm ferðir til útlanda á sýningarstjórufundi í 4-5 daga í sen. Þar eru ekki meðtaldar ferðir til Moss vegna uppsetningar á sýningunni og kynningarferð á sýningunni um Skandinavíu og Berlín.

Fyrsti sýningarstjórufundurinn var haldinn í apríl 2016 í Moss. Þá hittust sýningarstjórnarnir í fyrsta sinn. Ekkert okkar þekkti til hvers annars



Meginefniviður austurrísku listakonunnar Sonju Baumel eru bakteríur. Þessar framandi verur sem lifa í okkur eru einnig lifandi í verki hennar á Momentum 9, og við fáum að snerta.

